



Borgarráð

Græna planið - Mótun á nýju fyrirkomulagi á markvissum vinnu- og virkniaðgerðum vegna stöðu á vinnumarkaði í kjölfar Covid-19

Hjálögð drög að erindisbréfi starfshóps um mótun á nýju fyrirkomulagi á markvissum vinnu- og virkniaðgerðum vegna stöðu á vinnumarkaði í kjölfar Covid-19, eru lögð fram til kynningar. Hlutverk starfshópsins er að fylgjast með þróun, meta áhrif atvinnuleysis og hafa yfirumsjón með vinnumarkaðsaðgerðum á vegum Reykjavíkurborgar. Hópnun verði falið að leggja fram útfærðar tillögur að vinnumarkaðsaðgerðum og kostnaðaráætlun fyrir 10. desember næstkomandi. Markmiðið er að skapa fjölda starfa fljótt, áherslan verði á fjölbreytt störf og þannig fækka á atvinnuleysissskrá og þeim sem eru á fjárhagsaðstoð. Horft er til einstaklinga á atvinnuleysissskrá, á fjárhagsaðstoð og sumarstörf fyrir námsmenn 2021.


Starfhópin skipa borgaritari ásamt sviðsstjórum mannauðs- og starfsumhverfissviðs, velferðarsviðs og fjármála- og áhættusviðs. Hópnun er ætlað að leggja fram tillögur að mótvægisáðgerðum á vinnumarkaði og kostnaðaráætlun ásamt því að fylgja verkefnum eftir. Tillögurnar verði unnar í samstarfi við B-hlutafélög og Vinnumálastofnum. Með hópnun starfi sérfræðingar á viðkomandi sviðum, eftir því sem þurfa þykir.

Greinargerð:

Til að komast í gegnum þá erfiðu tíma sem þjóðin gengur í gegnum vegna áhrifa COVID-19 er mikilvægt að Reykjavíkurborg stígi fram með skýrum og afgerandi hætti enda gífurlegir hagsmunir undir að lágmarka skaða ástandsins sem skapast hefur á vinnumarkaði. Mikilvægt er að Reykjavíkurborg hafi forystu um að viðbrögð gegn atvinnuleysi verði útfærð sem fyrst í samvinnu við ríki og aðila vinnumarkaðarins og þau verði samræmd og markviss og til þess fallin að draga úr samfélagslegum skaða atvinnuleysis.

Staða á vinnumarkaði gjörbreyttist í marsmánuði sl. og atvinnuleysi jókst hratt á sama tíma og fyrsta bylgja COVID-19 reið yfir. Atvinnuleysi á Íslandi hefur á síðustu fjórum árum mælst 3% að meðaltali, sem þykir mjög lágt í alþjóðlegu samhengi. Samkvæmt gögnum frá Vinnumálastofnun var almennt atvinnuleysi 5% í febrúar og í mars var atvinnuleysi komið í 9,2%. Atvinnuleysi var 5,7% vegna almennra umsókna um atvinnuleysistryggingar og um 3,5% að auki vegna minnkaða starfshlutfallsins í mars og spár gerðu ráð fyrir að atvinnuleysi yrði 16,9% í apríl. Af þessum sökum ákvað Reykjavíkurborg að mjög mikilvægt væri að bregðast skjótt við afleiðingum COVID-19 á vinnumarkaði með bráðaaðgerðum vegna aukins atvinnuleysis og voru fyrstu vinnumarkaðsaðgerðir vegna COVID-19 samþykktar í borgarráði 30. apríl sl. og var þeim aðgerðum skipt þrjá fasa; sumar 2020, haust 2020 og lengri tíma aðgerðir 2021 þegar frekari upplýsingar og greiningar lægu fyrir. Atvinnuleysi óx hratt í vor og fór hæst í 17,8% í aprílmánuði. Skiptingin var 7,5% almennt atvinnuleysi og 10,3% vegna


skerts starfshlutfalls. Í sumar dró síðan úr atvinnuleysi og skýrðist það fyrst og fremst af fækkun þeirra sem voru skráðir í skert starfshlutfall og fengu hlutabætur á móti launum. Samkvæmt nýjustu tölum frá Vinnumálastofnun var atvinnuleysi 11,1 % í október, þar af var almennt atvinnuleysi 9,9 % sem er nokkur aukning frá fyrri mánuðum. Atvinnuleysi tengt minnkuðu starfshlutfalli jókst í október og var 1,2%, en var 0,8% í september hafði þá lækkað mikið frá því í vor. Þetta úrræði hefur verið framlengt út árið 2020. Fjöldi þeirra sem eru atvinnulausir eru rúmlega 25 þúsund, þar af um 4.800 í skertu starfshlutfalli.



Heimild: Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnun – október 2020.

Hlutfall atvinnulausra á höfuðborgarsvæðinu er hærra en á landsvísu eða 11,3 %. Af þeim sem eru án atvinnu eru 40 % erlendir ríkisborgarar.

Fjárhagsaðstoð Reykjavíkurborgar hefur aukist mjög mikið í kjölfar COVID-19 og er um 30% aukning á fjölda þeirra sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu á vegum borgarinnar á milli ára.



Í töflunni að ofan sést að fjölgað hefur í þessum hópi jafnt og þétt það sem af er ári. Spáð hafði verið áþekktum fjölda og í fyrra en það hefur ekki gengið eftir og hefur verið umtalsverð fjölgun í öllum mánuðum ársins. Tveir af hverjum þremur sem fá fjárhagsaðstoð eru atvinnulausir án bótaréttar. Þá hefur þeim erlendu ríkisborgurum, sem þiggja fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg fjölgað um hátt í 40% það sem af er ári. Enn ríkir mikil óvissa tengd því ástandi sem Covid-19 hefur skapað. Spá fyrir árið 2021 tekur mið af þessari aukningu en í áætlun ársins er gert ráð fyrir mikilli fjölgun notenda sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu. Þannig er gert ráð fyrir að fjöldi notenda á mánuði aukist úr 1.376 (útkomuspá 2020) í 2.252 árið 2021. Það verður þó að taka mið af því að það er óvenju mikil óvissa í spánni við þessar aðstæður.

Vinumarkaðsaðgerðir sem samþykktar voru í borgarráði í apríl sl. var skipt þrjá fasa og í fyrsta fasa voru ráðningar námsmanna í sumarstörf ásamt því að hefja ráðningar einstaklinga í 200 störf. Annars vegar ráðningar einstaklinga með bótarétt í 100 störf í samvinnu við ríkið og hins vegar ráðningar einstaklinga á fjárhagsaðstoð án bótaréttar í 100 störf í samvinnu við velferðarsvið. Alls voru ráðnir 200 einstaklingar sem eru 17 ára og 457 einstaklingar 18 ára og eldri í gegnum sumarátak námsmanna í samvinnu við ríkið. Aðrar vinnumarkaðsaðgerðir í fyrsta fasa og áttu að hefjast sl. sumar en hófust ekki af krafti fyrr en í seint í haust og er nú búið er að ráða 40 einstaklinga í gegnum samstarf við Vinnumálastofnun og fyrirhugað er að ráða 60 einstaklinga til viðbótar fyrir áramót. Ráðningar einstaklinga sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu krefjast þess að haldið sé utan um hópinn með miklum stuðningi.

Ekki sér fyrir endann á þeim miklu efnahagslegu afleiðingum sem COVID-19 hefur í för með sér. Ljóst er að spár gera ráð fyrir að atvinnuástand verði erfitt út árið 2020 og að meðaltalsatvinnuleysi verði 7,8%. Gert er ráð fyrir að meðaltalsvinnuleysi verði 7,6% á árinu 2021 en fari niður í 4,7% árið 2022. Þá er gert ráð fyrir að margir þeirra sem missa bótarétt muni fá framfærslu í gegnum fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg. Reykjavíkurborg telur því mikilvægt er því að bregðast við eins fljótt og kostur er með frekari virkni- og vinnumarkaðsaðgerðum.

Ein helsta áhersla Græna plans Reykjavíkurborgar í samfélagslegu víddinni er að *enginn verði skilinn eftir* . Mikilvægt er að fara hratt af stað með mótvægisáðgerðir á vinnumarkaði og að Reykjavíkurborg hafi þar frumkvæði í samstarfi við B-hlutafélög og Vinnumálastofnun.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Erindisbréf - Græna planið- starfshópur um mótun á markvissum vinnu- og virkniáðgerðum vegna stöðu á vinnumarkaði í kjölfar Covid-19-drög.

ERINDISBRÉF

Græna planið: Starfshópur um mótun á markvissum vinnu- og virkniaðgerðum vegna stöðu á vinnumarkaði í kjölfar Covid-19

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Inngangur:

Staðan á vinnumarkaði hefur þyngst í kjölfar Covid-19. Í lok október voru rúmlega 20 þúsund manns skráðir án atvinnu hjá Vinnumálastofnun, þar af rúmlega 8 þúsund í Reykjavík. Auk þess voru um 4.800 manns í skertu starfshlutfalli og fengu hlutabætur. Fjárhagsaðstoð Reykjavíkurborgar hefur jafnframt aukist mikið og er aukningin um 30% á milli ára. Ein helsta áhersla Græna plans Reykjavíkurborgar í samfélagslegu víddinni er að *engin verði skilinn eftir*. Mikilvægt er að fara hratt af stað með mótvægisáðgerðir á vinnumarkaði og að Reykjavíkurborg hafi þar frumkvæði í samstarfi við B-hlutfélög og Vinnumálastofnun.

Hlutverk:

Starfshópurinn mun útfæra nánar tillögur Mannauðs- og starfsmannasviðs (MOS) og Velferðarsviðs (VEL) að markvissum vinnu- og virkniaðgerðum, til þess að vinna gegn áhrifum Covid-19 á vinnumarkaðinn. Horft er til að þess skapa og móta virkni- og vinnumarkaðsaðgerðir sem byggja á þeim grunni sem til staðar er hjá borginni, annars vegar vinnumiðlum hjá MOS og stuðningi og virkni hjá VEL. Stýrihópur undir forystu formanns velferðarráðs hefur að undanfögnu unnið að endurskoðun á virkniverkefnum sviðsins og verður stuðst við þá vinnu við mótun tillagna. Leiðarljós starfshópsins er móta atvinnu- og virknimiðlun sem byggir m.a. á því að fá þá sem hlut eiga að máli að borðinu með Reykjavíkurborg til að taka samtalið um hvers konar átaksstörf og verkefni henta best til að nýta starfshæfni hópsins. Ljóst er að stór hluti þeirra sem eru atvinnulausir eru erlendir ríkisborgarar og mikilvægt að sá stuðningur sem þeim stendur til boða sé markviss meðal annars með tilliti til tungumálakunnáttu og þekkingu á íslensku samfélagi og vinnumarkaði.

Markmiðið er að skapa fjölda starfa fljótt, áherslan verði á fjölbreytt störf og þannig fækka á atvinnuleysissskrá og þeim sem eru á fjárhagsaðstoð. Horft er til einstaklinga á atvinnuleysissskrá, á fjárhagsaðstoð og sumarstörf fyrir námsmenn 2021.

Helstu verkefni:

- Nánari útfærsla og aðgerðaráætlun á markvissum vinnu- og virkniaðgerðum Reykjavíkurborgar, í samstarfi við stofnanir Reykjavíkurborgar, B-hluta félögin og aðra hagsmunaaðila.
- Nánari útfærsla á fyrirkomulagi atvinnu- og virknimiðlunar Reykjavíkurborgar.

Starfshópin/stýrihópin skipa:

Þorsteinn Gunnarsson borgarritari, formaður

Lóa Birna Birgisdóttir sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs

Regína Ásvaldsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs

Halldóra Káradóttir sviðsstjóri fjármála-og áhættustýringarsviðs

Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:

Ráðinn verði inn verkefnisstjóri.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstími:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum fyrir 10. desember 2020.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson